

## Stjórnarfundur 6 þriðjudaginn 3. nóvember 2015 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt: Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson á Skype, Brynja María Ólafsdóttir.

Afboð og mættu ekki: Árni Jón Eggertsson og Hrafnhildur Theódórsdóttir.

### Dagskrá

- Dregið í bikarkeppni BLÍ
- Sporttv
- Mótamál (DataV og E-scoresheet)
- Álit YFN
- Blakdúkur/Afturelding
- Landsliðsmál (Afreksstefna)
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Dregið var í bikarkeppni BLÍ

- Drátturinn fór fram í votta viðurvist þeirra sem mættu á fundinn en dregið var í 2. umferð keppinnar og leikirnir fara fram í nóvember.

#### Sporttv

- Nokkur umræða fór fram um málið en Sporttv hefur undanfarið verið að sýna leiki í Mizunodeildunum í blaki þrátt fyrir að ekki sé búið að fjármagna það.
- Ákveðið var að halda því áfram út nóvember í von um að fjármagn kemur inn á móti útsendingarkostnaði. Hrafnhildur hefur verið að vinna að þessu máli og heldur áfram með hjálp annarra stjórnarmanna.

#### Mótamál (DataV og E-scoresheet)

- Farið var yfir stöðuna og hún metin ágæt. Þó eiga liðin í einhverjum vandræðum með tölfræðihlutann og brýnt að halda þekkingunni við, reyna að halda námskeið á nýju ári með þeim sem þegar hafa verið að gera leiki til að skerpa á hlutum
- Ólafur Jóhann Júlíusson hefur unnið töluvert mikið í tölfræðihlutunum og ber að þakka honum fyrir það.
- Rafræna leikskýrslan kemur vel út.

#### Álit YFN

- Bréf kom frá yngriflokkanevnd BLÍ vegna bréfs sem barst frá Hörpu Grímsdóttur. Stjórn BLÍ ræddi málið og setur ekki athugasemdir við álit yngriflokkanevndar. Svar til Hörpu er í vinnslu vegna málsins.

#### Blakdúkur/Afturelding

- Blakdeild Aftureldingar sendi inn erindi þess efnis að fá til kaups annan Blakdúk sambandsins. Málið var rætt og voru skiptar skoðanir á fundinum um hvort ætti að selja eða ekki.
- Ákveðið var að senda tilboð og sjá hvað gerist með það.

#### Landsliðsmál / Afreksstefna

- Fundarmenn ræddu lítillega um afreksstefnuna og Árni Jón og Steinn höfðu ekki fundað um málið en gera það fljótlega. Afreksstefnan sem er til staðar er sífellt í vinnslu en ljóst þykir að stefnuna þarf að ræða betur og leggja fyrir ársþing BLÍ hverju sinni. Stefnuna er hægt að byggja upp á því starfi sem er núna í gangi, þ.e. með tæknistjóra fyrir landsliðin okkar í þeim Daniele og Rogerio.

- U17 ára landsliðin nýkomin heim og stelpurnar með frábæran árangur, 2. sæti. Þar með er það staðfest að árið 2015 er okkar sigursælasta ár hvað landsliðin varðar.
- Örlítið var rætt um möguleg Verkefni á árinu 2016 en þar er páskaferð til Ítalíu efst á baugi. A landsliðin fara bæði á Novotel um áramótin en um páskana er verið að ræða jafnvel um 3 kvennalið, A lið, U18 og U16. Verið er að reyna að finna Verkefni fyrir strákana.

#### **Önnur mál**

- Jason ræddi um ferð formanns og framkvæmdastjóra til Búlgaríu á ársþing CEV, SCD og NEVZA. Á undan þinginu fór Sævar framkvæmdastjóri á ráðstefnu um stjórnun sérsambanda í blaki.
- Guðmundur Helgi Þorsteinsson var kosinn inn í stjórn CEV á þinginu og óskar stjórn BLÍ honum og okkur öllum til hamingju með það. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur er kosinn inn í stjórn á alþjóðlegum vettvangi.
- 

*Fleira var ekki rætt á fundinum*

*fundi slitið kl.19:00*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*